



Námsáætlun

LEIK2sv05 vorönn 2021

Kennari: Ylfa Ösp Áskelsdóttir
Markmið:

Lýsing

Nemendur vinna leikin atriði á sviði frá fyrsta samlestri að uppsetningu. Mikil áhersla er lögð á sjálfstæð vinnubrögð, samvinnu og að nemendur skili þeirri heimavinnu sem sett er fyrir hverju sinni. Áfanganum lýkur með opnum tíma þar sem atriðin eru sýnd áhorfendum. Auk þess mun menntaður leikari horfa á senurnar og meta þær.

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- vinnu leikarans frá fyrsta samlestri þar til áhorfendur sjá afraksturinn.
- persónusköpun í handritavinnu.
- hversu mikilvægt það er að vinna ítarlega heimavinnu.
- hversu mikilvægt er að beita hlustun og lestri í senuvinnu.
- hugtökunum ásetningur – herbrögð – hindranir – lestur – innri mónólógur.

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- vinna sjálfstætt að persónusköpun
- beita ólíkum aðferðum til að glæða leikpersónu lífi
- vinna með ásetning, herbrögð, hindranir, lestur og innri mónólóg í persónusköpun.
- nýta tækni/hugtök eins og hlustun og lestur til að ná meiri dýpt í leikinn.
- vinna með öðrum að uppsetningu á leikatriði
- nota nærsamfélag sitt og fjölmiðla til að sækja sér innblástur
- tjá sig um persónusköpun, leikrita- og atriðagreiningu
- greina leikhandrit út frá sjónarhóli leikarans.
- nýta sér hugmyndabók til persónusköpunar

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- tengja saman þekkingu sem hann hefur öðlast í náminu.
- skapa trúverðuga leikhúspersónu á sviði og beitt við það bæði spuna sem og góðum undirbúningi.
- útskýra hugtökin ásetningur, herbrögð, hindranir, lestur og innri mónólógur.
- sýna sjálfstæð, öguð og einbeitt vinnubrögð.
- geta sett upp leikatriði og hafa vald á að framkvæma þá þætti sem þarf til að hrinda slíku í framkvæmd.



Kennslugögn: Leikhandrit sem verða til staðar á námsnetinu. Leikhúsfærð, mannlegt eðli, nærsamfélag nemenda, sviðið, leikmunir, búningar og annað sem þurfa þykir sem fellur til í sköpunarferlinu.

Kennslugögn:

Vika	Yfirferð	Próf /Verkefni	
01. 24.-26. jan.	Kennsluáætlun, hugtök og námsmat kynnt.		
02. 1.-5. mars	Tæknileg vinna – að hluta til verklegt		
03. 08-12. mars	Hópnum skipt upp til að vinna. Handrit lesið og greint	Fafla verksins	Úrsagnareindagi 9. mars.
04. 15.-19 mars	Atriði lesin og greind	-ásetningur, forsendur, herbrögð, lestur höfuðásetningur -kringumstæður	Námsmatsdagur 19. mars
05. 22.-26. mars	Senuvinna á gólfi með kennara	-persónuplakat lagt inn – vinna í tíma 10% Hindrana og herbragðalisti	Miðannarmat
29. mars-6. apríl			Páskafrí
06. 07.-09. apríl	Senuvinna á gólfi með kennara	10% persónuplakati skilað	Miðannarmat
07. 12.-16. apríl	Senuvinna á gólfi með kennara	10% Innri mónólógur.	
08. 19.-23. apríl	Senuvinna á gólfi með kennara	10% Opnun um persónuna.	Sumardagurinn fyrsti 22. apríl
09. 26.-30. apríl	Senuvinna á gólfi með kennara	10% Greining á eigin vinnu – upptökur á senum	
10. 03-07. maí	Senuvinna á gólfi með kennara		
11. 10.-14. maí	Rennsli og sýningar á senum	-20% Lokaverkefni – sýning á senum. Menntaður leikari metur senurnar ásamt kennara	Uppstigningardagur 13. maí
12. 17.-18. maí	Tiltekt og endurmat.	-20% Lokagreinagerð	

Próf eru 19. og 20 maí. Sjúkrapróf 21. maí.

Námsmat:

Persónusköpunarbók: 30% sem skiptist svona:

- 10% ásetningur – hindrana - herbragðalisti
- 10% persónuplakat, myndir og reffar.
- 10% Innri mónólógur



10% Opnun um persónuna.

10% Mæting

10% Greining á eigin leiktækni – horft af upptökur.

20% Lokagreinagerð um lærdóm áfangans í heild.

20% Lokaverkefni. Lokasýning á senunni er metin auk þess sem metið er hvernig senan hefur þróast og sjálfstætt skapandi vinnubrögðum hópsins eru einnig metin. Þá er og metið hversu duglegir nemendur eru að mæta í tíma og hversu duglegir þeir hafa verið að hittast milli tíma og æfa sig sjálfir.

Athugið að Lokaverkefnið og lokagreinagerð virka saman sem lokapróf.

Nemendur verða því að ná 4,5 samanlagt úr þeim verkefnum til að standast áfangann. Sé þeim verkefnum ekki skilað er eins og nemandi hafi ekki mætt í próf og er því fallinn.

ATHUGIÐ:

Mætingaskilda í áfangann er 87% raunmæting.

Þegar tekið hefur verið tillit til staðfesta veikinda má raunmæting ekki fara niður fyrir 80%

Ef þessum skilyrðum er ekki náð er nemandinn fallinn í áfanganum, fær einkunnina 4,0 og verkefnið verða ekki metin til einkunnar.

Ef mætingaskildu er hins vegar fullnægt þarf nemandi að ná 4,5 í lokaeinkunn til að áfanganum sé náð.